

Efnisyfirlit

Dagskrá	2
Tillögur 83. sambandsþings HSH	3
Hvatningartillögur	3
Þakkartillögur	4
Fjárhagsáætlun 2024	5
Úthlutun Lottótekna frá HSH	6
Arðgreiðslur	7
Hagnaður af Landsmóti UMFÍ 50+	8
Félagaskattur	9
Lög HSH	10
Skotfélag Snæfellsness	19
Íþróttamanneskja ársins	22
Starfsemi ráða HSH	24



83. SAMBANDSÞING HSH

11. APRÍL 2024

Dagskrá

Þingið hefst með setningu kl. 18.00. Dagskrá þingsins er samkvæmt lögum sambandsins.

1. Þingsetning.
2. Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara.
3. Skipun kjörbréfanefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar.
7. Kosning nefnda þingsins:
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Íþróttanefnd.
 - c) Allsherjar- og laganefnd.
8. Ávörp gesta.
9. Fjárhagsáætlun lögð fram.
10. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.
11. Nefndarstörf.
12. Nefndaálit, umræður og atkvæðagreiðslur.
13. Kosningar:
 - a) Formaður HSH.
 - b) Aðrir í stjórn og varastjórn.
 - c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
 - d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.
 - e) Uppstillinganefnd, 4 af formönnum aðildarfélaga HSH, sem starfar fram að næsta héraðsþingi.
 - f) Kosning fulltrúa á Íþróttáþing ÍSÍ.
14. Önnur mál.
15. Þingslit.



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

Tillögur 83. sambandsþings HSH

Hvatningartillögur

Þingskjal 1

Tillaga frá stjórn HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11.apríl 2024, samþykkir að:

- Hvetja öll aðildarfélög HSH til þess að verða fyrirmyndarfélag.
- Hvetja öll aðildarfélög HSH til þess að mæta á Landsmót UMFÍ 50+ í Vogum á Vatnsleysuströnd 2024.
- Hvetja öll aðildarfélög HSH til þess að mæta á Unglingalandsmót UMFÍ 2024 í Borgarnesi.
- Hvetja öll aðildarfélög HSH til þess að taka þátt í almenninguverkefnum ÍSÍ og UMFÍ.

Visað til { } Fjárhagsnefndar { x } Íþróttanefndar { } Allsherjar- og laganefndar

Tillaga:

{ x } Samþykkt

{ } Felld

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða með breytingartillögum.



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

Þakkartillögur

Þingskjal 2

Tillaga frá stjórn HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11.apríl 2024, samþykkir að:

Fela stjórn HSH að senda:

- Ósk á aðildarfélög HSH að koma á framfæri þakklæti til allra sjálfboðaliða innan síns félags fyrir þeirra óeigingjörnu störf.
- Sveitarfélögum á Snæfellsnesi þakkir fyrir stuðninginn við íþróttastarf á aðildarsvæði HSH.
- Byggðasamlagi Snæfellinga þakkir fyrir stuðninginn við íþróttastarf á aðildarsvæði HSH.
- Fyrirtækjum, þakkir fyrir stuðninginn við íþróttastarf á aðildarsvæði HSH.
- Stjórn og starfsfólki Ungmennafélagi Íslands þakkir fyrir gott samstarf á árinu og vel unnin störf.
- Stjórn og starfsfólki Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands þakkir fyrir gott samstarf á árinu og vel unnin störf.
- Framkvæmdarnefnd, sjálfboðaliðum, styrktaraðilum og þátttakendum þakkir fyrir frábært Landsmót UMFÍ 50+ í Stykkishólmi í júní 2023.
- Sveitarfélaginu Stykkishólmi, sérstakar þakkir fyrir samvinnuna við Landsmót 50+ í júní 2023.

Vísað til { } Fjárhagsnefndar { x } Íþróttanefndar { } Allsherjar- og laganeftndar

Tillaga:

{ x } Samþykkt

{ } Felld

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða með breytingatillögu.



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

Fjárhagsáætlun 2024

Þingskjal 3

Tillaga frá stjórn HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11.apríl 2024 samþykkir:

Framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað 1922

Áætlun fyrir árið 2024	Áætlun fyrir árið 2023	Rauntölur fyrir árið 2023
Rekstrartekjur:	Rekstrartekjur:	Rekstrartekjur:
Lottó 10.500.000	Lottó 12.500.000	Lottó 13.659.849
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ 600.000	Útbreiðslustyrkur ÍSÍ 500.000	Útbreiðslustyrkur ÍSÍ 676.000
Styrkur Héraðsnefndar 1.500.000	Styrkur Héraðsnefndar 1.500.000	Styrkur Héraðsnefndar 1.500.000
Styrkur vegna íþróttastarfs 800.000	Styrkur vegna íþróttastarfs 400.000	Styrkur vegna íþróttastarfs 500.000
Getraunir 900.000	Getraunir 500.000	Getraunir 889.734
Aðrar tekjur 800.000	Aðrar tekjur 300.000	Aðrar tekjur 3.617.042
<u>15.100.000</u>	<u>15.700.000</u>	<u>20.842.625</u>
Rekstrargjöld:	Rekstrargjöld:	Rekstrargjöld:
Laun og launatengd gjöld 7.200.000	Laun og launatengd gjöld 5.000.000	Laun og launatengd gjöld 7.133.160
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður 1.300.000	Skrifstofu og stjórnunarkostnaður 2.300.000	Skrifstofu og stjórnunarkostnaður 1.948.451
Lottó til aðildafélaga 5.000.000	Lottó til aðildafélaga 7.400.000	Lottó til aðildafélaga 7.317.102
Unglingalandsmót 400.000	Unglingalandsmót 800.000	Unglingalandsmót 324.950
kostnaður vegna íþróttastarfs 1.000.000	kostnaður vegna íþróttastarfs 900.000	kostnaður vegna íþróttastarfs 2.021.103
Áætlaðir styrkir til íþróttastarfs 300.000	Áætlaðir styrkir til íþróttastarfs 300.000	Áætlaðir styrkir til íþróttastarfs 390.860
<u>15.200.000</u>	<u>16.700.000</u>	<u>19.135.626</u>

Við til Fjárhagsnefndar Íþróttanefndar Allsherjar- og laganeftndar

Tillaga:

Samþykkt

Felld

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða með breytingatillögu.



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

Úthlutun Lottótekna frá HSH

Þingskjal 4

Tillaga frá stjórn HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11.apríl 2024 samþykkir:

Úthlutun Lottótekna frá HSH til aðildarféлага

Félag	Félagar	jan-feb	mars-apr	maí-júní	júl-ág	sept-okt	nóv-des	Samtals	skinfaxi	Skattur	Verðlaun	frádráttur 2023	Útborgað	félagar 16+
Eldborg	73	24679	26238	24733	27191	24661	23195	150.698	2500	0			148.198	70
ÍM	97	26717	28404	26775	29436	26697	25111	163.141	2500	0			160.641	87
Umf. Staðarsv.	104	28886	30711	28950	31826	28866	27150	176.389	2500	0			173.889	91
G. Staðarsv.	21	12677	13478	12705	13967	12668	11915	77.409	2500	0			74.909	21
Skotgrund	221	96704	102813	96917	106547	96635	90891	590.506	2500	0			588.006	221
Vikingur/Reynir	780	212406	225824	212873	234025	212254	199637	1.297.020	2500	0			1.294.520	668
UMFG	662	133818	142272	134112	147438	133722	125774	817.137	2500	0			814.637	560
Snæfell	651	185873	197615	186282	204791	185739	174699	1.135.000	2500	0			1.132.500	580
Golfkl. Jökull	90	45420	48289	45520	50043	45387	42689	277.347	2500	0			274.847	90
Golfkl. Vestarr	285	115993	123321	116248	127799	115910	109020	708.291	2500	0	69598		636.193	264
Golfkl. Mostri	95	40338	42886	40426	44443	40309	37913	246.315	2500	0			243.815	84
Íþrd. Snæfellings	281	119132	126658	119394	131257	119046	111970	727.458	2500	0			724.958	202
Landsmótssjóður		115849	123168	116104	127641	115766	108885			0			707.412	
SAMTALS:	3.360	1158493	1231677	1161039	1276405	1157660	1088848	6.366.710	30000	0	0	69598	6.267.112	2908

Við til { x } Fjárhagsnefndar { } Íþróttanefndar { } Allsherjar- og laganeftndar

Tillaga:

{ x } Samþykkt

{ } Felld

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.



83. SAMBANDSÞING HSH

11. APRÍL 2024

Arðgreiðslur

Þingskjal 5

Tillaga frá stjórn HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11. apríl 2024 samþykktir:

Úthlutun Arðgreiðslna frá HSH til aðildarfélaganna.

Arðgreiðsla HSH 2023

UMFI	976.196 kr
ÍSI	670.156 kr
ALLS SKIPT	= 1.646.352 kr

HSH	42%	=	0 kr
FÉLÖG	58%	=	1.646.352 kr

Félag	Jafnt 5%	Félagar	15% Félaganna	Fjöldi fulltrúa	Mætt á þing	5% v/mætingar	Íbúafjöldi	Íbú hátt 3x félag	65% v/íbúafj.	SAMTALS	Landsmót
Eldborg	6.860 kr	73	5.365 kr	3	3	9.878 kr	73	73	12.246 kr	34.350 kr	
ÍM	6.860 kr	97	7.129 kr	3	2	6.585 kr	123	123	20.634 kr	41.209 kr	
Umf. Staðarsv.	6.860 kr	104	7.644 kr	3	0	0 kr	140	140	23.486 kr	37.990 kr	
G. Staðarsv.	6.860 kr	21	1.543 kr	2	0	0 kr	140	63	10.569 kr	18.972 kr	
Skotgrund	6.860 kr	221	16.243 kr	4	4	13.171 kr	800	663	111.224 kr	147.497 kr	
Vikingur/Reynir	6.860 kr	780	57.328 kr	5	3	9.878 kr	977	977	163.900 kr	237.966 kr	
UMFG	6.860 kr	662	48.656 kr	5	1	3.293 kr	840	840	140.917 kr	199.725 kr	
Snæfell	6.860 kr	651	47.847 kr	5	3	9.878 kr	1.290	1.290	216.408 kr	280.993 kr	
Golfkl. Jökull	6.860 kr	90	6.615 kr	3	3	9.878 kr	980	270	45.295 kr	68.647 kr	
Golfkl. Vestarr	6.860 kr	285	20.947 kr	4	2	6.585 kr	870	855	143.433 kr	177.825 kr	
Golfkl. Mostri	6.860 kr	95	6.982 kr	3	0	0 kr	1.200	285	47.811 kr	61.653 kr	
Íþrd. Snæfellings	6.860 kr	281	20.653 kr	4	4	13.171 kr	800	800	134.206 kr	174.890 kr	

SAMTALS:	82.318 kr	3.360	246.953 kr	44	25	82.318 kr	8.233	6.379	1.070.129 kr	1.481.717 kr	164.635 kr
-----------------	------------------	--------------	-------------------	-----------	-----------	------------------	--------------	--------------	---------------------	---------------------	-------------------

Vísað til { x } Fjárhagsnefndar { } Íþróttanefndar { } Allsherjar- og laganefndar

Tillaga:

{ x } Samþykkt

{ } Felld

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

Hagnaður af Landsmóti UMFÍ 50+ Þingskjal 6

Tillaga frá stjórn HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11.apríl 2024 samþykkir:

Hagnaður Héraðssambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, vegna mótahalds Landsmóts 50+ sem haldið var í Stykkishólmi 23. – 25.júní 2023, verði skipt eftir vinnuframlagi þeirra aðildarféлага HSH sem tóku þátt í skipulagningu og vinnu við mótið.

Vísað til { x } Fjárhagsnefndar { } Íþróttanefndar { } Allsherjar- og laganefndar

Tillaga:

{ x } Samþykkt með breytingatillögu

{ } Felld

Afgreiðsla: Samþykkt með meirihluta atkvæða



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

Félagaskattur

Þingskjal 7

Tillaga frá stjórn HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11.apríl 2024 samþykkir að félagaskattur verði 180 kr. á hvern skattskyldan féлага árið 2024.

Vísað til { x } Fjárhagsnefndar { } Íþróttanefndar { } Allsherjar- og laganefndar

Tillaga:

{ x } Samþykkt

{ } Felld

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

Lög HSH

Þingskjal 8

Tillaga frá stjórn HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11.apríl 2024 samþykkir:

Lög HSH

Vísað til { } Fjárhagsnefndar { } Íþróttanefndar { x } Allsherjar- og laganefndar

Tillaga:

{X} Samþykkt með breytingum

{ } Felld

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða með breytingum.



83. SAMBANDSÞING HSH

11. APRÍL 2024

LÖG HÉRAÐSSAMBANDS SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

1. KAFLI

TILGANGUR OG HLUTVERK

1. GREIN

Sambandið heitir Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, skammstafað HSH. Heimili þess og varnarþing er Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

2. GREIN

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu er samtök ungmenna- og íþróttafélaga á starfssvæði Byggðasamlags Snæfellinga. Tilgangur HSH er að hafa forystu um sameiginleg hagsmunamál aðildarfélaganna, efla samvinnu þeirra, svo og að vera fulltrúi þeirra utan héraðs sem innan.

3. GREIN

Hlutverk héraðsambandsins er:

- a. að gæta hagsmuna íþróttahreyfingarinnar innan héraðsins og vera málsvari hennar gagnvart opinberum aðilum, innan héraðs og utan.
- b. að staðfesta lög aðildarfélaganna, halda utan um staðfest lög þeirra og skila yfirliti til ÍSÍ yfir þau í lok hvers árs.
- c. að stuðla að fræðslu og bættri lýðheilsu meðal íþróttaiðkenda og íbúa í héraði.
- d. að vinna að jafnrétti allra.
- e. að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins í samræmi við íþróttalög, lög ÍSÍ og UMFÍ og vera fulltrúi aðildarfélaganna gagnvart ÍSÍ og UMFÍ.
- f. að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt eða falið að ráðstafa.



83. SAMBANDSÞING HSH

11. APRÍL 2024

- g. að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.
- h. að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
- i. að annast skýrslugerðir varðandi íþróttamál í héraði.
- j. að hafa forystu um sameiginlega hagsmuni, félagsmál og að efla samvinnu íþróttafélaga innan héraðs og iðkenda þeirra.
- k. að tilkynna til ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambandi stofnun nýrra félaga.

2. KAFLI

RÉTTINDI OG SKYLDUR AÐILDARFÉLAGANNA

4. GREIN

Öll félög, sem vinna að sömu markmiðum og HSH og hafa aðsetur í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, hafa rétt til að sækja um aðild að sambandinu fullnægi þau þeim skilyrðum sem sett eru á hverjum tíma.

5. GREIN

Skilyrði fyrir inngöngu í héraðssambandið er:

- a. Félagið vinni að sömu markmiðum og HSH.
- b. Að félagið sendi lög sín, skýrslur um stofndag, félagafjölda og stjórn félagsins til stjórnar HSH og að lögin séu í samræmi við lög og reglur HSH, ÍSÍ og UMFÍ.
- c. Umsókn um aðild skal lögð fram á næsta héraðsþingi HSH.
- d. Þegar félag hefur uppfyllt öll ákvæði og skyldur, nýtur það þegar keppnisréttar á mótum HSH, en annarra réttinda nýtur félagið ekki fyrir en sex mánuðum eftir að héraðsþing HSH hefur samþykkt inngöngu þess í sambandið.



83. SAMBANDSÞING HSH

11. APRÍL 2024

6. GREIN

Öllum aðildarfélögum er skylt að halda skrá yfir féлага sína. Í skránni skal standa nafn, kennitala og hvenær viðkomandi gekk í félagið. Aðildarfélögin skulu senda HSH afrit og breytingar á skránni með starfsskýrslum.

7. GREIN

Héraðsþing HSH ákveður skattgreiðslur féлага. Skatt þurfa félög að inna af hendi til HSH fyrir árslok ár hvert og miðast skattgreiðslur við tölu skattskyldra féлага, 18 ára og eldri, eins og þeir voru í skýrslu síðastliðins árs. Skýrslu- og reikningsár HSH er almanaksárið.

8. GREIN

Aðildarfélög HSH skulu halda aðalfund eigi síðar en 15. mars ár hvert. Senda skal ársskýrslu og samþykktu ársreikninga til stjórnar HSH eigi síðar en 17. mars ár hvert. Aðildarfélög skulu notast við ársskýrslu skapalón sem HSH leggur til. Aðildarfélög skulu notast við ársreiknings skapalón sem HSH leggur til eða skila ársreikningum í nákvæmara formi ef þau kjósa svo.

9. GREIN

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund fyrir tilsettan tíma, hefur stjórn HSH, heimild til að láta yfirfara bókhald, skoða reikninga, boða til aðalfundar og annast framkvæmd hans. Hafi félag ekki greitt lögboðin gjöld eða sent ársskýrslur inn fyrir 17. mars missir það atkvæðisrétt sinn á næsta héraðsþingi HSH. Hafi skýrslur eða gjöld ekki borist næsta ár á eftir, skal héraðsþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr sambandinu og ef ekki, hvort og þá hvernig skuli refsa því.

10. GREIN

Víkja má félagi úr HSH um stundarsakir ef það brýtur gildandi lög, reglur eða ákvæði HSH og/eða lög sérsambanda sem sambandið á aðild að. Félag sem misst hefur réttindi sín getur ekki öðlast þau aftur nema það fullnægi settum refsíákvæðum eða ef um vanskil er að ræða, gert full skil. Félag sem missir réttindi sín öðlast þau ekki aftur fyrr en stjórn HSH hefur samþykkt slíkt.



83. SAMBANDSÞING HSH

11. APRÍL 2024

11. GREIN

Vilji félag ganga úr sambandinu skal það senda skriflega úrsögn fyrir héraðsþing. Er úrsögn ógild ef síðar kemur. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé sem það hefur lagt til sambandsins. Einnig sé það með öllu skuldlaust við sambandið.

3. KAFLI

STJÓRN HSH

12. GREIN

HSH er stjórnað af þessum aðilum:

- a. Héraðsþingi
- b. Stjórn

13. GREIN

Héraðsþing HSH er fulltrúaþing og hefur hvert félag rétt til að senda:

- 2 fulltrúa fyrir fyrstu 100 félagsmenn
- 3 fulltrúa fyrir hverja 101 – 300 félagsmenn
- 4 fulltrúa fyrir hverja 301 og fleiri félagsmenn

Aðrir þingfulltrúar skulu skráðir á kjörbréf sem stjórn HSH leggur til.

Stjórnarfolk HSH eru sjálfkjörnir þingfulltrúar með atkvæðisrétt, málfrelsi og tillögurétt.

14. GREIN

Héraðsþing HSH skal halda fyrir 15. apríl ár hvert. Til þess skal boða með tölvupósti eða öðrum rafrænum hætti með 30 daga fyrirvara. Síðara fundarboð skal senda með eigi minna en einnar viku fyrirvara stjórnnum allra aðildarfélaga og sérráða HSH og skal fylgja því dagskrá þingsins svo og framkomnar tillögur um lagabreytingar og önnur mál. Héraðsþing er löglegt sé löglega til þess boðað og helmingur kjörinna fulltrúa mættur.



83. SAMBANDSÞING HSH

11. APRÍL 2024

15. GREIN

Á héraðsþingi HSH eiga sæti fulltrúar þeir sem aðildarfélögin hafa kjörið til þingsetu eftir ákvæðum 13. greinar. Heimild til þingsetu með tillögurétti og málfrelsi hafa, auk stjórnar HSH, fulltrúar frá landssamtökum og sérsamböndum, sem HSH á aðild að, svo og fulltrúar ríkis, sveitarfélaga og sýslu um æskulýðs- og íþróttamál.

16. GREIN

Tilhögun héraðsþingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning
2. Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara
3. Skipun kjörbréfanefndar
4. Skýrsla stjórnar
5. Lagðir fram skoðaðir reikningar
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
7. Álit kjörbréfanefndar
8. Reikningar lagðir fram til samþykktar
9. Ávörp gesta
10. Fjárhagsáætlun lögð fram
11. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda
12. Nefndarstörf
 - a. Fjárhagsnefnd
 - b. Íþróttanefnd
 - c. Allsherjar- og laganefnd
13. Nefndaálit, umræður og atkvæðagreiðslur
14. Kosningar samkvæmt 19. grein:
 - a. Formaður HSH
 - b. Aðrir í stjórn og varastjórn
 - c. Tveir skoðunarmenn og tveir til vara
 - d. Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum
 - e. Uppstillinganefnd, 4 af formönnum aðildarfélaga HSH, sem starfar fram að næsta héraðsþingi
 - f. Kosning fulltrúa á Íþróttapeing ÍSÍ
15. Önnur mál
16. Þingslit



83. SAMBANDSÞING HSH

11. APRÍL 2024

Öllum meiriháttar málum skal vísað til nefnda. Fjárhagsnefnd skal fjalla um reikninga, reikningsyfirlit og fjárhagsáætlun næsta árs.

17. GREIN

Við atkvæðagreiðslu almennra mála á héraðsþingi HSH og í kosningum ræður einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa. Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi.

18. GREIN

Aukaþing skal halda ef:

- a. Tilmæli koma frá stjórnnum landssamtaka.
- b. Tilmæli koma frá a.m.k. 2/5 sambandsfélaganna.

19. GREIN

Stjórn HSH er skipuð fimm fulltrúum. Formaður, varaformaður, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur sem kjörnir eru af Héraðsþingi HSH. Kosinn skal formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja. Formenn aðildarfélaga HSH skipti með sér setu í varastjórn, fjórir formenn, eitt ár í senn.

- a. Formaður HSH til eins árs.
- b. Fjórir stjórnarmenn til tveggja ára, tveir í senn.
- c. Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.

20. GREIN

Aðildarfélögum HSH er heimilt að stofna sér ráð um íþróttagreinar og samstarf.

21. GREIN

Á milli ársþinga eru störf og framkvæmdavald í höndum stjórnar HSH. Stjórnin annast daglegan rekstur, ráðningu framkvæmdarstjóra og eftir atvikum annað starfsfólk. Stjórn HSH getur skipað nefndir innan sinna vébanda til þess að sjá um framkvæmd einstakra málefna. Einnig getur hún



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

falið félagi ákveðin verkefni, sem því er skylt að leysa af hendi svo vel sem því er unnt. Stjórn HSH skal semja fyrir fram við viðkomandi félag um skiptingu kostnaðar vegna verkefnisins.

Stjórn HSH skal boða formenn allra aðildarféлага og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar féлага en nefndarmenn aðeins ef um sér málefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami einstaklingur nema með eitt atkvæði.

22. GREIN

Stjórn HSH skal skylt að senda sambandsfélögum sínum afrit af öllum fundum sínum, svo og skýrslur af mótum sambandsfélaganna.

Lögum þessum breytt 11.apríl 2024 og öðlast þegar gildi.



83. SAMBANDSÞING HSH

11. APRÍL 2024

4. KAFLI

REGLUGERÐ UM SKIPTINGU LOTTÓTEKNA HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Langaholti 11. apríl 2024 samþykkir tillögu á breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna HSH.

1. Forsendur skiptinga á milli félaga:

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa félög að skila lögboðnum skýrslum til ÍSÍ og UMFÍ. Síðasti skiladagur þeirra skýrslna er 15. apríl ár hvert.

2. Skipting lottótekna

- a. 42% til HSH
- b. 58 % til aðildarfélaganna

3. Skipting lottótekna skv. lið 2b

- a. 5% jafnt milli félaga.
- b. 15% skiptast milli starfandi félaga, eftir fjölda félagsmanna.
 - i. Starfandi telst félag sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
 - 1. Heldur aðalfund samkvæmt félagslögum
 - 2. Skilar fullnægjandi skýrslum
 - 3. Sendir fulltrúa á þing HSH og sambandsráðsfundi
 - 4. Stendur fyrir virku félags- og íþróttastarfi
 - c. 5% skiptist milli þeirra félaga sem senda fulltrúa á héraðsþing HSH.
 - i. Þessi greiðsla sé í réttu hlutfalli við fjölda mættra fulltrúa hvers félags.
 - ii. 65% skiptist hlutfallslega milli félaga eftir reiknuðum íbúafjölda á félagssvæði hvers félags. Reiknuð íbúatala skal ekki vera hærri en þreföld félagstala hvers félags og ekki hærri en skráður íbúafjöldi skv. manntali 1. desember næstliðins árs. Félög sem starfa á öllu félagssvæði HSH skulu fá reiknaðan íbúafjölda sem er íbúafjöldi svæðisins deilt með fjölda sveitarfélaga.
 - iii. 10% renni til Landsmótssjóðs HSH.



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

Skotfélag Snæfellsness

Þingskjal 9

Tillaga frá stjórn Skotfélags Snæfellsness

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11.apríl 2024 samþykkir að skora á sveitarfélögin á Snæfellsnesi að beita sér fyrir því að rafmagn verði lagt á svæði Skotfélags Snæfellsness í Kolgrafarfirði.

Vísað til { } Fjárhagsnefndar { } Íþróttanefndar { } Allsherjar- og laganefndar

Tillaga:

{X} Samþykkt með breytingum

{ } Felld

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða með breytingum.



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

Greinargerð

Það eru ekki margir sem vita það að Skotfélag Snæfellsness er eitt elsta skotíþróttafélag landsins og eitt það fjölmennasta. Félagsmenn telja á þriðja hundrað og eru frá öllu Snæfellsnesi og víðar. Æfingasvæði félagsins er eitt það besta frá náttúrunnar hendi og þótt víðar væri leitað. Gríðarlega mikil uppbygging hefur átt sér stað hjá félaginu undanfarin ár og með nýja riffilskothúsinu sem félagið var að byggja er félagið komið með eina bestu æfingaaðstöðu landsins.

Starfsemi félagsins er mjög öflug með fjölda viðburða s.s. unglingskvöld, konukvöld, skotvopnanámskeið, skotmót o.fl. Með nýja riffilskothúsinu og bættri aðstöðu hefur aðsóknin í æfingasvæðið aukist gríðarlega og á sama tíma er hægt að skipuleggja fleiri viðburði, því félagið er ekki eins bundið af veðrinu og áður. Þetta hefur lengt æfingátímabilið hjá félagsmönnum um marga mánuði.

Félagið hefur nú fest kaupum á 60m² félagshúsnaði sem flutt verður á svæðið á næstu mánuðum en það var keypt til að bregðast við þeirri fjölgun sem hefur átt sér stað hjá félaginu. Með nýja félagshúsnaðinu til viðbótar við nýja riffilskothið verður æfingasvæðið orðið eitt það besta hér á landi.

En þrátt fyrir alla þessa eftirtektarverðu uppbyggingu þá eru innviðirnir á svæðinu sem að valda félaginu miklum vandræðum. Ekki er hægt að kynda þessi mannvirki því félagið er ekki með rafmagn og ekki með rennandi vatn. Mannvirkin og búnaður liggja undir skemmdum og erfitt er að fá starfsleyfi fyrir svæðinu. Ekki er hægt að vera með salernisaðstöðu nema rétt yfir sumartímann og sú salernisaðstaða er ekki fyrir alla, því til þess að fá vatn í salernið þarf að setja í gang ljósavél sem gefur rafmagn í dælu sem dælir vatni í salernið til að geta sturtað niður. Svo þegar það fer að kólna í veðri þarf að ganga frá dælunni og vatnstankinum og fjarlægja allar lagnir því húsin eru ekki frostfrí vegna rafmagnsleysis. Þetta er eitthvað sem heilbrigðiseftirlitið hefur



83. SAMBANDSÞING HSH

11. APRÍL 2024

sett út á og erfitt er að fá starfsleyfi fyrir æfingasvæðinu almennt, því það eru kröfur um salernisaðstöðu, eftirlitsmyndavélar, upplýsta aðkomu o.fl.

Þá hefur félagið þurft að draga að sér lappirnar í skipulagningu vinsælla viðburða s.s. skotmóta, námskeiða o.fl. því félagið getur ekki boðið upp á viðunandi salernisaðstöðu. Það er ekki hægt að bjóða kvenfólkinu í félaginu eða gestum sem sækja hingað skot mót upp á það að þurfa að læðast bakvið hús til að létta á sér. Félagið hefur því þurft að draga að sér lappirnar í skipulagningu Pæjumóts, konukvölds, unglingskvölds, skotvopnanámskeiða og mótahalds. Lögregluembættið á Vesturlandi fær einnig skotæfingasvæði félagsins til afnota nokkrum sinnum á ári til þess að sinna skotæfingum og skotprófum, en þau hafa þurft að fara inn í Grundarfjörð til þess að komast salerni. Nú síðast þurfti félagið að afþakka það að halda hér Íslandsmeistaramót í Benchrest og einnig að afþakka það að halda Íslandsmeistaramót í BR50 vegna lélegra innviða, en Skotíþróttasamband Íslands óskaði eftir því að þessi Íslandsmeistaramót yrðu haldin hjá félaginu, því félagið er með besta skotsvæðið á landinu til að halda þessi mót.

Með því að rafvæða æfingasvæðið þá væri hægt að bæta úr öllum þeim helstu vandamálum sem standa í vegi fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu og öflugri starfsemi.

Þetta er einnig umhverfismál þar sem þarf að brenna olíu til að keyra rafstöðvar. Þetta varðar einnig öryggismál þar sem ekkert farsímasamband er á svæðinu og heldur ekkert Tetra samband fyrir viðbragðsaðila.

Félagið er búið að reyna um árabil að fá rafmagn, en félagið ræður ekki við þann kostnað eitt síns liðs. Félagið vonast því eftir aðstoð frá sveitarfélögunum á Snæfellsnesi, því þetta er félagið okkar allra og án rafmagns á félagið sér enga framtíð á þessum stað.

Fyrir hönd Skotfélags Snæfellsness

Jón Pétur Pétursson



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

Breyting á reglugerð Íþróttamanneskja ársins Þingskjal 10

Tillaga að breytingum á reglugerð frá Stjórn HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11.apríl 2024 samþykkir eftirfarandi breytingar sem lagðar eru til á reglugerð um íþróttamann HSH.

Vísað til { } Fjárhagsnefndar { } Íþróttanefndar { x } Allsherjar- og laganefndar

Tillaga:

{X} Samþykkt með breytingum

{ } Felld

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða með breytingum.



83. SAMBANDSÞING HSH

11. APRÍL 2024

Reglugerð um Íþróttamanneskju HSH

1.grein

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu veitir árlega heiðursviðurkenninguna „Íþróttamanneskja HSH“ þeirri íþróttamanneskju á sambandsvæði HSH, sem þótt hefur skara fram úr á íþróttasviðinu á því ári. Viðurkenning þessi er tengd minningu Pálma Frímanssonar.

2.grein

Sá er hlýtur nafnbótina Íþróttamanneskja HSH skal afhentur bikar til varðveislu í eitt ár. Auk þess skal hann fá minni grip til eignar.

3.grein

Aðildarfélög HSH skili árlega tilnefningu íþróttamanneskju frá félaginu til stjórnar HSH eigi síðar en 1. desember. Aðildarfélögum ber að skila tilnefningum og greinargerð á þar til gerðum skapalónum sem HSH leggur til um Íþróttamanneskju ársins. Miðað skal við að viðkomandi sé 16 ára og eldri.

4.grein

Aðalstjórn HSH kalli saman kjörfund vegna íþróttamanneskju HSH eigi síðar en 10. desember ár hvert. Atkvæðisrétt á fundinum hafi stjórn og varastjórn HSH. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

5.grein

Kosning fari þannig fram, kjörmenn riti 3 nöfn á sinn kjörseðill. Kjörseðill telst einungis gildur með 3 nöfnum. Ef 2 eða fleiri eru jafnir að kosningu lokinni skal kjósa milli þeirra þar til úrslit fást.

6.grein

Útnefning íþróttamanneskju HSH fari fram á héraðsþingi HSH eða við annað tækifæri sem stjórn ákveði.



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

Breyting á reglugerð

Starfsemi ráða HSH

Þingskjal 11

Tillaga að breytingum á reglugerð frá Stjórn HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11.apríl 2024 samþykkir eftirfarandi breytingar sem lagðar eru til á reglugerð um starfsemi ráða HSH.

Vísað til { } Fjárhagsnefndar { } Íþróttanefndar { x } Allsherjar- og laganefndar

Tillaga:

{X} Samþykkt

{ } Felld

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.



83. SAMBANDSÞING HSH

11.APRÍL 2024

REGLUGERÐ UM STARFSEMI RÁÐA HSH

Aðildarfélögum HSH er heimilt að stofna fagráð um viðkomandi íþrótt. Fagráðin skulu vera ráðgjafandi er varðar íþróttagreininna. Stjórn HSH skal vera heimilt að kalla til einstaka ráð í ákveðin sérverkefni þó þar sé ekki um að ræða samþykktir héraðspings. Ráðin hafa ekki ákvörðunarrétt í meiriháttar málum og geta ekki tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar.